

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Mánudagur 13. maí kl. 17:15

Borgartúni 19



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. **Kosning stjórnar**
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kynning á frambjóðendum til stjórnar



Kynning frambjóðenda til stjórnar til þriggja ára

- [Hrafn Árnason](#)
- [Halldóra Elín Ólafsdóttir](#)
- [Jón G. Kristjánsson](#)
- [Ingvi Þór Georgsson](#)
- [Rúnar Einarsson](#)
- [Elín Þórðardóttir](#)
- [Elías Jónatansson](#)
- [Katrín B. Sverrisdóttir](#)

Hrafn Árnason

Sjóðfélagi síðan 2001



47 ára

Starfsferill/stjórnarseta

- Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum – Íslensk verðbréf
- Framkvæmdastjóri Netgíró hf. / Alva ehf.
- Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta – Íslandsbanki/VÍB
- Framkvæmdastjóri Stefnis hf.
- Forstöðumaður sjóðastýringar Landsbréfa hf.

Menntun/reynsla

- MBA University of Edinburgh school of management (2007)
- Próf í verðbréfamiðlun (2001)
- Viðskiptafræðingur Cand.oecon frá HÍ (1998)

Markmið með framboði

- Auka og efla þátttöku sjóðfélaga í rekstri sjóðsins
- Auðvelda sjóðfélögum að taka afstöðu til mikilvægra ákvarðana
- Leggja mitt af mörkum til að auka ávöxtun með tilliti til áhættu
- Miðla 20 ára reynslu af eignastýringu og fjárfestingum til sjóðsins
- Eiga sem mest þegar ég hætti að vinna



Halldóra Elín Ólafsdóttir

Sérfræðingur í fjármáladeild hjá Völku ehf.

Starfsferill/stjórnarseta

- 2012 – 2018 Framkvæmdastjóri eftirlitssviðs hjá FME
- 2008 – 2012 Framkvæmdastjóri lífeyris-og verðbréfasjóðasviðs hjá FME
- 2002 – 2003 Viðskiptastjóri í eignastýringu fyrir stofnanafjárfesta hjá BÍ og KB banka

Menntun/reynsla

- Cand oecon í viðskiptafræði af fjármálabraut (2000)
- Master í Applied Economics and Finance (2005)
- Löggiltur verðbréfamiðlari (2006)

Markmið með framboði

- Auka frekar gagnsæi lífeyrissjóðsins til sjóðsfélaga
- Auka enn frekar sjálfstæði rekstur lífeyrissjóðsins-áhættustýring
- Auka eftirfylgni með fjárfestingum lífeyrissjóðsins
- Nýta mér þekkingu mína frá FME til hagsbóta fyrir sjóðsfélaga



44 ára

Jón Guðni Kristjánsson

Lífeyrisþegi

Starfsferill/stjórnarseta

- 1998 – 2014 Framkvæmdastjóri, LSS
- 1982 – 1998 Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar
- 1974 – 1982 Skrifstofustjóri Borgarverkfræðings
- 1971 - 1974 Deildarstjóri hjá Sjóvá hf.
- 1971 - 1971 Aðalfulltrúi Tollstjórans í Reykjavík

Menntun/reynsla

- Hæfismat hjá FME (2010)
- Próf í verðbréfavíðskiptum (2001)
- Héraðsdómsslögmansréttindi (1973)
- Embættispróf í lögfræði frá lagadeild HÍ (1971)

Markmið með framboði

- Mikilvægast er að sjóðurinn geti staðið við þau loforð sem sjóðfélögum hafa verið gefinn um réttindi sín; að sjóðurinn standi fyrir valfrelsi og standi vörð um sjóðfélagalýðræði og sjálfstæði sjóðsins
- Með mína miklu og löngu reynslu og þekkingu á lífeyrismálum tel ég mig geta gert sjóðnum og sjóðfélögum mikið gagn til að ná þessum markmiðum



74 ára



Ingvi Þór Georgsson

Bókun/Trip Advisor - Viðskiptaþróun

Starfsferill

- 2017 - Bókun / Trip Advisor
- 2014 – 2017 LÍU/SFS

Menntun/reynsla

- Háskólinn í Reykjavík, M.Sc. Í Alþjóðaviðskiptafræði (2014)
- Birmingham Southern College, B.Sc í viðskiptafræði (2012)

Markmið með framboði

- Sýna góða ávöxtun, halda kostnaði í lágmarki og auka þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga



28 ára



Rúnar Einarsson



Elín Þórðardóttir



56 ára

Starfsferill/stjórnarseta

- Fjármálastjóri Árvakurs
- Fjármálastjóri Íslenskrar Erfðagreiningar
- Framkvæmdastjóri Opinna Kerfa Group
- Stjórnarformaður Húsasmiðjunnar
- Stjórnarformarður Norrænna Mynda
- Í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 2010
- Formaður endurskoðunarnefndar Frjálsa Lífeyrissjóðsins

Menntun

- Rekstrarhagfræðingur Cand.Merc frá Álaborgarháskóla 1991
- Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, Eðlisfræðisvið 1983

Markmið

Ég vil gæta hagsmuna sjóðfélaga með því að ávaxta fjármuni með tilliti til áhættu og hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Elías Jónatansson

Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf.



59 ára

Starfsferill/stjórnarseta

- 2007 - Í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins
- 2005 – 2006 Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur
- 2008 – 2016 Bæjarstjóri í Bolungarvík
- 2002 – 2006 Forseti bæjarstjórnar
- 1998 – 2008 Í stjórn Íslandspósts

Menntun

- MSc í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University
- Vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands

Markmið

- Að vinna áfram að eflingu sjóðsins með skynsamlegri fjárfestingarstefnu og hag sjóðfélaga að leiðarljósi
- Að gera sjóðinn sýnilegri með markvissri markaðssetningu og kynningu á kostum sjóðsins
- Að vinna áfram að hagkvæmari rekstri sjóðsins

Katrín B. Sverrisdóttir



Starfsferill/stjórnarseta

- Sjálfstætt starfandi ráðgjafi í fjármálum og endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja.
- Teymisstjóri greininga og stefnumótunar hjá Framkvæmdasýslu Ríkisins
- Framkvæmdastjóri dótturfélaga Regins hf.
- Regluvörður Regins hf.
- Lánasérfræðingur hjá Landsbanka
- Verðbréfamiðlari

Stjórnarseta m.a í dótturfélögum Landsbankans og Regins hf.

Hef starfað að ýmsum félagsstörfum þar á meðal fyrir Knattspyrnufélag Víking.

Kynning frambjóðenda í aðalstjórn til tveggja ára

- [Dagrún Hálfánardóttir](#)
- [Ásdís Eva Hannesdóttir](#)
- [Magnús Pálmi Skúlason](#)
- [Róbert Birgir Agnarsson](#)

Dagrún Hálfánardóttir

Sviðsstjóri hjá embætti landlæknis

Starfsferill/stjórnarseta

- 2013 - Lögfræðingur/sviðsstjóri hjá embætti landlæknis
- 2011 – 2013 Lögmaður hjá embætti borgarlögmanns
- 2006 – 2010 Lögfræðingur í lögfræði- og kjaradeild Landspítala
- 1993 – 1999 Hjúkrunarfræðingur á Landspítala
- 2009 – 2014 Varamaður í stjórn lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

Menntun/reynsla

- Réttindi héraðsdómslögmanns (2007)
- Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands (2006)
- Meistaragráða í siðfræði frá University of Manchester (1998)
- BS próf í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands (1995)

Markmið með framboði

- Sjálfstæði Frjálsa lífeyrissjóðsins þarf að vera tryggt. Leggja þarf áherslu á hagkvæmni í rekstri og ná sem bestri ávöxtun án þess að of mikil áhætta sé tekin. Festa þarf að vera í stjórnskipan sjóðsins og trúverðugt eftirlitskerfi. Lífeyrissjóður á að ávaxta fé í traustum eignum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.



48 ára



Ásdís Eva Hannesdóttir

Framkvæmdastjóri Norræna félagsins / Formaður Frjálsa lífeyrissjóðsins



60 ára

Starfsferill/stjórnarseta

- Norræna félagið – Framkvæmdarstjóri
- Icelandair
 - Forstöðumaður þjónustudeildar
 - Deildarstjóri þjónustueftirlits
 - Flugfreyja
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn
 - Varaformaður
 - Stjórn
 - Endurskoðunarnefnd
- Flugfreyjufélag Íslands
 - Formaður
 - Stjórn
 - Samninganefnd

Menntun/reynsla

MBA Háskóli Íslands

- Mannauðsstjórnun Háskóli Íslands
- Félags- og fjölmiðlafræði Háskólinn í Gautaborg

Starfsferill/stjórnarseta

- Sænsk íslenski menningarsjóðurinn
- Almannaheill
- Framkvæmdaráð Sambands Norrænu félaganna
- BalticSea NGO Network

Markmið með framboði -

Að gæta hagsmuna sjóðfélaga

*Frelsi
Traust
Ávöxtun
Framfarir
Breytingar
Fjölbreytileiki
Gegnsæi
Fræðsla
Þjónusta*





Magnús Pálmi Skúlasón



Róbert B. Agnarsson

Stjórnarformaður/ rekstrar- og fjármálastjóri Fine Fish ehf.



61 árs

Starfsferill/stjórnarseta

- Starfsferill hófst 1982. Frá þeim tíma hefur Róbert gengt ýmsum stjórnunarstörfum. M.a. :
 - Framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar hf.
 - Bæjarstjóri í Mosfellsbæ
 - Aðstoðarforstjóri SÍF hf.
- Á sama tíma hefur Róbert verið í fjölmörgum stjórnnum fyrirtækja og félagasamtaka

Menntun/reynsla

- Viðskiptafræðingur (cand. oecon) frá H.Í.

Almennar áherslur

- Að efla hag sjóðsins og þar með sjóðsfélaga
- Að tryggja lýðræði í Frjálssa lífeyrissjóðnum
- Að gaumgæfa fjárfestingar og rekstrarkostnað sjóðsins

Kosning aðalmanna í stjórn til 3 ára



Útfylling atkvæðaseðils

- Nota skal atkvæðaseðil sem er neðst til vinstri á atkvæðablaði nr. 1
- Merkja skal við einn, tvo eða þrjá frambjóðendur með því að krossa eða haka í kassann við hlið nafns frambjóðanda
- **Frambjóðandi sem valinn er fær heildarfjöldi atkvæða skv. atkvæðaseðlinum hvort sem merkt er við einn, tvo eða þrjá**
- Ef merkt er við fjóra eða fleiri frambjóðendur telst seðillinn ógildur
- Reglur um kynjakvóta eiga við

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins 13. maí 2019

KOSNING 3AÐALMANNA Í STJÓRN TIL 3 ÁRA

Atkvæði alls: 233.333.333

- Elías Jónatansson
- Elín Þórðardóttir
- Halldóra Elín Ólafsdóttir
- Hrafn Árnason
- Ingvi Þór Georgsson
- Jón G. Kristjánsson
- Katrín Bryndís Sverrisdóttir
- Rúnar Einarsson

Kosning aðalmanna í stjórn til 2 ára



Útfylling atkvæðaseðils

- Nota skal atkvæðaseðil sem er neðst til hægri á atkvæðablaði nr. 1
- Merkja skal við einn eða tvo frambjóðendur með því að krossa eða haka í kassann við hlið nafns frambjóðanda
- **Frambjóðandi sem valinn er fær heildarfjöldi atkvæða skv. atkvæðaseðlinum hvort sem merkt er við einn eða tvo**
- Ef merkt er við þrjá eða fleiri frambjóðendur telst seðillinn ógildur
- Reglur um kynjakvóta eiga við

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins 13. maí 2019

KOSNING 2 AÐALMANNA Í STJÓRN TIL 2 ÁRA

Atkvæði alls: 233.333.333

- Ásdís Eva Hannesdóttir
- Dagrún Hálfánardóttir
- Magnús Pálmi Skúlason
- Róbert Birgir Agnarsson

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. **Tryggingafræðileg athugun**
5. Kosning varamanna
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson cand.act

Tryggingastærðfræðingur



Tryggingafræðileg athugun



Tryggingafræðileg athugun lífeyrissjóðs

Samanburður:

Eignir og verðmæti iðgjalda /

Skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris

Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað en eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga

- Vænt niðurstaða metin með tölfræðilegum líkönum

Tryggingafræðileg athugun



- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998
- Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur
- Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við í viðkomandi sjóð er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur
- Ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum

Tryggingafræðileg athugun



- Staðalforsendur um lífslíkur hafa verið unnar eftir niðurstöðum úr þjóðskrá (nú reynsla 2010-2014)
- Lífslíkur allra, lífeyrispega jafnt sem annarra hafa verið reiknaðar eftir þessum upplýsingum úr þjóðskrá
- Örorkulíkur voru byggðar á athugun meðal hluta lífeyrissjóða frá árunum 1998-2002

Vinna Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) og félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT)



- Árin 2017 - 2018 vann FÍT nýjan reiknigrunn fyrir örorku- og endurhæfingarlíkur byggt á reynslu allra íslenskra lífeyrissjóða árin 2010 - 2016
- Landssamtök lífeyrissjóða sáu um að safna gögnum og voru niðurstöður kynntar á fundi LL í nóvember 2018
- Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga samþykkti grunninn sem grunn félagsins fyrir mat lífeyrisskuldbindinga lífeyrissjóða, einnig í nóvember 2018

Vinna Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) og félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT)



Ýmis nýmæli er að finna í reiknigrundvellingum:

- Mismunandi lífslíkur er ákveðnar eftir stöðu sjóðfélaga (virkir, öryrkjar og réttahafar)
- Endurhæfingartíðni er metin sérstaklega
- Lífslíkur sjóðfélaga eru nú metnar eftir lífslíkum þeirra sem eiga réttindi í lífeyrissjóðum, ekki eftir upplýsingum úr þjóðskrá
- Ekki er lengur gert ráð fyrir að öll ný örorkutilvik séu 100% orkutap, heldur meðaltal þess sem fram kom í athuguninni, sem var 90%

Nýr reiknigrunnur - breytingar



Áhrif nýs reiknigrundvallar á mat skuldbindinga

- Meðalævi reiknast lengri en eftir fyrri forsendum og því hækkar mat eftirlaunaskuldbindinga almennt
 - Minnst hjá sjóðum með háa örorkutíðni
- Mat á örorkutíðni hækkar, en er þó mismunandi eftir lífeyrissjóðum

Nýr reiknigrunnur - breytingar



- Nýr reiknigrundvöllur er talinn gefa réttara mat á skuldbindingum Frjálsa lífeyrissjóðsins og er því notaður við tryggingafræðilega athugun sjóðsins 2018
- Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er aðlögun örorkulíkinda 61% af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 68% af meðaltali fyrir nýgengi örorku kvenna
 - Breytingin er til töluverðrar lækkunar á mati örorkuskuldbindinga
- Ekki hafa allir lífeyrissjóðir enn tekið mið af nýjum reiknigrundvelli


Nýr reiknigrunnur - breytingar



Áhrif af nýjum reiknigrundvelli:

Ólifuð meðalævi við 67 ára aldur			
	Karl	Kona	
„Íslendingur“	17,27	19,43	Þjóðskrá 2010 – 2014
Sjóðfélagi	17,42	19,78	FÍT grunnur 2018
Virkur sjóðfélagi	18,00	20,50	FÍT grunnur 2018
Öryrki	13,20	16,74	FÍT grunnur 2018

Nýr reiknigrunnur - breytingar



Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun 2018



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2018 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM

	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir			
Eignir:	73.440,5		73.440,5
Endurmat:	-1.283,2		-1.283,2
Fjárfestingagjöld:			
Rekstrarkostnaður:	-762,2	-2.278,6	-3.040,8
Iðgjöld:		102.139,3	102.139,3
Samtals:	71.395,1	99.860,7	171.255,8
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	52.160,5	75.163,3	127.323,8
Örorkulífeyrir:	11.966,7	19.112,3	31.079,0
Makalífeyrir:	3.439,3	4.902,1	8.341,5
Barnalífeyrir:	91,3	941,1	1.032,4
Samtals:	67.657,9	100.118,8	167.776,7
Mismunur:	3.737,2	-258,0	3.479,2
Hlutf. af skuldb.	5,5%	-0,3%	2,1%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun 2018



Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2018	2017
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	59.197.888	52.151.907
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	4.303.587	2.906.946
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	6.639.760	5.923.652
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(671.472)	(615.800)
Hækkun/lækkun vegna nýrra forsenda um lífs- og örorkulíkur	(539.503)	
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	(1.272.370)	(1.168.816)
	67.657.890	59.197.888

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
- 5. Kosning varamanna**
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kosning varamanna í stjórn



Kynning frambjóðenda í varastjórn

- [Ingvi Þór Georgsson](#)
- [Halldóra Elín Ólafsdóttir](#)
- [Sæmundur Norðfjörð](#)
- [Hrafn Árnason](#)
- [Anna María Sigurðardóttir](#)
- [Sigurður H. Ingimarsson](#)

Ingvi Þór Georgsson

Bókun/Trip Advisor - Viðskiptaþróun

Starfsferill

- 2017 - Bókun / Trip Advisor
- 2014 – 2017 LÍU/SFS

Menntun/reynsla

- Háskólinn í Reykjavík, M.Sc. Í Alþjóðaviðskiptafræði (2014)
- Birmingham Southern College, B.Sc í viðskiptafræði (2012)

Markmið með framboði

- Sýna góða ávöxtun, halda kostnaði í lágmarki og auka þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga



28 ára



Halldóra Elín Ólafsdóttir

Sérfræðingur í fjármáladeild hjá Völku ehf.

Starfsferill/stjórnarseta

- 2012 – 2018 Framkvæmdastjóri eftirlitssviðs hjá FME
- 2008 – 2012 Framkvæmdastjóri lífeyris-og verðbréfasjóðasviðs hjá FME
- 2002 – 2003 Viðskiptastjóri í eignastýringu fyrir stofnanafjölfesta hjá BÍ og KB banka

Menntun/reynsla

- Cand oecon í viðskiptafræði af fjármálabraut (2000)
- Master í Applied Economics and Finance (2005)
- Löggiltur verðbréfamiðlari (2006)

Markmið með framboði

- Auka frekar gagnsæi lífeyrissjóðsins til sjóðsfélaga
- Auka enn frekar sjálfstæði rekstur lífeyrissjóðsins-áhættustýring
- Auka eftirfylgni með fjárfestingum lífeyrissjóðsins
- Nýta mér þekkingu mína frá FME til hagsbóta fyrir sjóðsfélaga



44 ára

Sæmundur Norðfjörð

Eigandi / Framkvæmdarstjóri Nordgold ehf.

Starfsferill/stjórnarseta:

- Kvikmyndaframleiðsla (Loki, Sagafilm, Republik) – alþjóðleg kvikmyndaverkefni – frkvstj.
- Frumkvöðlastarf - eiginn gæfu smiður

Menntun/reynsla:

- BA heimspeki HÍ
- Kvikmyndanám FAMU, PRAG
- MSIM (MS Fjármálastjórnun) HR

Markmið með framboði:

- Nýta starf mitt í varstjórn til að leggja sjóðnum gott til í fjárfestingastefnu og áhættustýringu
- Virk stýring vs Kauphallarsjóðir (ETF)
- Alþjóðleg dreifing eigna



51 árs

Hrafn Árnason

Sjóðfélagi síðan 2001



47 ára

Starfsferill/stjórnarseta

- Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum – Íslensk verðbréf
- Framkvæmdastjóri Netgíró hf. / Alva ehf.
- Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta – Íslandsbanki/VÍB
- Framkvæmdastjóri Stefnis hf.
- Forstöðumaður sjóðastýringar Landsbréfa hf.

Menntun/reynsla

- MBA University of Edinburgh school of management (2007)
- Próf í verðbréfamiðlun (2001)
- Viðskiptafræðingur Cand.oecon frá HÍ (1998)

Markmið með framboði

- Auka og efla þátttöku sjóðfélaga í rekstri sjóðsins
- Auðvelda sjóðfélögum að taka afstöðu til mikilvægra ákvarðana
- Leggja mitt af mörkum til að auka ávöxtun með tilliti til áhættu
- Miðla 20 ára reynslu af eignastýringu og fjárfestingum til sjóðsins
- Eiga sem mest þegar ég hætti að vinna



Anna María Sigurðardóttir

Sigurður H. Ingimarsson

Sérfr. á greiningarsviði skattrannsóknarstjóra ríkisins

Starfsferill/stjórnarseta:

- 1981 - 1983 Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélags Íslands & Frjálsa
- 1983 - 1986 Fjármálastjóri Veltis ehf. umboðsaðila Volvo
- 1986 - 1987 Fjármálastjóri / Framkvæmdastjóri Marel hf.
- 1987 - 1988 Fjármálastjóri Traust ehf.
- 1988 - 2007 Framkvæmdastjóri Jóhanns Ólafssonar & Co ehf.
- 2010 - Sérfræðingur hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins
- 2018 - Varamaður í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins

Menntun/reynsla:

- 1970 - 1974 Stúdent af hagfræðibraut Verslunarskóla Íslands
- 1974 - 1978 Cand. Oecon frá Háskóla Íslands
- 2010 – 2011 Löggilding í verðbréfamíðlun frá Háskólanum í Reykjavík

Markmið með framboði:

- Að vera þátttakandi í því að efla rekstur sjóðsins á öllum sviðum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi



66 ára

Kosning varamanna í stjórn



Útfylling atkvæðaseðils

- Nota skal atkvæðaseðil sem merktur er kosningu þriggja varamanna
- Velja skal einn, tvo eða þrjá frambjóðendur með því að krossa eða haka í kassann við hlið nafns frambjóðenda
- Ef merkt er við einn frambjóðanda fær hann heildarfjölda atkvæða skv. seðlinum. Ef merkt er við tvo eða þrjá frambjóðendur fær hver um sig heildarfjölda atkvæða skv. seðlinum
- Ef merkt er við fjóra eða fleiri frambjóðendur telst seðillinn ógildur
- Sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði er kjörinn til þriggja ára, næstflest til tveggja ára o.s.frv.
- Reglur um kynjakvóta eiga við

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins 13. maí 2019

KOSNING 3 VARAMANNA Í STJÓRN

Atkvæði alls: 233.333.333

- Anna María Sigurðardóttir
- Halldóra Elín Ólafsdóttir
- Hrafn Árnason
- Ingvi Þór Georgsson
- Sigurður H. Ingimarsson
- Sæmundur Norðfjörð

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. **Fjárfestingarstefna sjóðsins**
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Fjárfestingar- stefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð

Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta




Áherslubreytingar milli ára


Í fjárfestingarleiðum

- Hlutfall erlendra fjárfestinga aukið
- Fjölbreytni erlends eignamengis breikkað
- Dregið úr vægi innlendra hlutabréfa
- Óskráðar innlendar fjárfestingar vega minna
- Dregið úr vægi innlendra ríkisskuldabréfa og innlána
- Aukin áhersla á sértryggð skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréf
- Sjóðfélagalán hafa náð ákveðnu jafnvægi eftir miklar hækkanir síðustu ár
- Vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar

Fjárfestingarstefna 2019



Samanburður á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda 2019



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins
7. **Kjör endurskoðanda**
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kjör endurskoðanda

Elín Þórðardóttir

Formaður endurskoðunarnefndar Frjálsa lífeyrissjóðsins



Kjör endurskoðanda



Lagt er til að KPMG verði endurskoðandi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Rökstuðningur:

- Að undangengum tilboðum sem stjórn Frjálsa leitaði í endurskoðun sjóðsins er lagt til að KPMG verði kosinn endurskoðandi sjóðsins, en Deloitte hefur verið endurskoðandi sjóðsins frá árinu 2004
- Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund
- Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins
7. Kjör endurskoðanda
- 8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**
9. Laun stjórnarmanna
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Breytingar á samþykktum



Breytingartillögur á samþykktum



[Breytingartillögur á samþykktum](#)



Tillaga stjórnar Frjálsa um breytingu á grein 4.9 í samþykktum, ásamt breytingartillögu

Tillaga stjórnar um breytingu á gr. 4.9.



4.9. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að biða heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins en stjórn er heimilt í undantekningatilvikum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Breytingartillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar



Lagt er til að 5. mgr. í tillögu stjórnar um breytingu á gr. 4.9. **verði felld úr tillögunni.**

Orðalagið sem lagt er til að felld verði úr tillögunni er:

... Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Já: Breytingartillagan er **samþykkt** og 5. mgr. skal felld úr tillögu stjórnar.

Nei: Breytingartillögunni er **hafnað** og 5. mgr. skal standa óhreyfð.
Tillaga stjórnar skal borin óbreytt upp til samþykktar eða synjunar.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kosning stjórnar
3. Kynning ársreiknings
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. Kosning stjórnar og varamanna
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- 9. Laun stjórnarmanna**
10. Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Laun stjórnarmanna

Ásdís Eva Hannesdóttir

Formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins



Laun stjórnarmanna



Stjórnarlaun aðalmanna

- Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 185.000 kr. á mánuði og að laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna
 - Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundum skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna
 - Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári

Stjórnarlaun varamanna

- Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund
 - Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns

Laun stjórnarmanna



Rökstuðningur:

- Laun aðalmanna hafa verið 163.500 kr. á mánuði frá ársfundi 2017 og laun stjórnarformanns tvöföld en stjórnarlaunum var haldið óbreyttum á ársfundi sjóðsins árið 2018
- Er nú lagt til að laun verði hækkuð með hliðsjón af þróun á launavísitölu en vísitalan hefur hækkað um 13,1% frá mars 2017 til mars 2019
- Er því lagt til að stjórnarlaun verði 185.000 kr. á mánuði
- Þá er einnig lögð til sú breyting að framvegis verði greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna, fyrir aukafundi sem haldnir eru umfram reglubundna fundi skv. starfsáætlun stjórnar.
- Tillagan tekur m.a. mið af framkvæmd hjá Gildi lífeyrissjóði en sjóðurinn greiðir aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í hverjum mánuði. Jafnframt er horft til þess að verkefnum stjórna lífeyrissjóða fer fjölgandi samhliða auknum lagakröfum og kröfum sem gerðar eru til vandaðra stjórnarháttá
 - Því er mikilvægt að stjórn hafi svigrúm til að fjölga fundum þegar þess gerist þörf og eðlilegt að laun stjórnarmanna taki mið af því. Þó er tekið fram að ekki skuli greitt fyrir meira en sjö aukafundi umfram reglubundna fundi skv. starfsáætlun stjórnar
 - Geta stjórnarlaun aðalmanns þannig verið að hámarki 239.000 kr. að meðaltali á mánuði fyrir starfsárið.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kosning stjórnar
3. Kynning ársreiknings
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Kosning varamanna
6. Kosning stjórnar og varamanna
7. Kjör endurskoðanda
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
9. Laun stjórnarmanna
- 10. Önnur mál**



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Mánudagur 13. maí kl. 17:15

í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19

